

Úrskurður 1/2007.

Kærð er niðurstaða tollstjóra sem birt var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru”. Deilt eru um tollflokkun á vöru sem unnin er úr kartöflum. Heiti hennar er “Rösti-Triangles og Potatoe boats”. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra.

Með bréfi, dags. 16. apríl 2007, sem hafði verið sent tollstjóranum í Reykjavík og framsent þaðan til nefndarinnar með bréfi þann 25. apríl 2007 kærir D. tollflokkun tollstjóra á “Rösti-Triangles og Potatoe boats. Fyrirtækið óskaði eftir Bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá tollstjóra. Í svari tollstjóra í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru” nr. 2007064 og 2007065 bæði dagsett 10. apríl 2007 tollflokkar hann vörunnar í tnr. 2004.1009 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6. Kærandi fer fram á að niðurstaða tollstjóra verði endurskoðuð og gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 2004.1001.

Í kröfum kæranda segir að fram komi hjá framleiðanda vörunnar að kartöflurnar séu grófmalaðar (hakkaðar) og unnin sé úr þeim vara sem á endanum sé tilbúin formuð vara (deig). Samkvæmt þessum upplýsingum ætti þessi vara að flokkast í tnr. 2004.1001 að mati kæranda.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar til tollstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 26. apríl 2007. Embættinu var veittur viðbótarfrestur til gagnaöflunar og í svari sem barst nefndinni þann 21. maí 2007 segir m.a. að í upplýsingarblöðum frá framleiðanda vörunnar komi fram að kartöflurnar séu meðhöndlaðar meira en fram komi hjá kæranda því búið sé að forma og steikja vöruna. Tollstjóri gerir kröfu um að hið kærðu álit verði staðfest.

Kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 21. maí 2007. Var honum veittur frestur til 7. júní til að skila inn umsögn um greinargerðina til nefndarinnar. Kærandi nýtti sér ekki rétt til andsvara.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærandi kærir niðurstöðu “Bindandi álits um tollflokkun vöru” á tveimur vörum unnum úr kartöflum “Rösti-Triangles og Potatoe boats”. Hann segir vöruna unna úr grófmöluðum kartöflum sem á endanum verði tilbúin sem formuð vara. Hann gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tnr. 2004.1001.

Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 2004.1009 og kemur fram í greinargerð hans að varan sé unnin úr grófmöluðum kartöflum sem síðan sé mótuð í þríhyrninga og báta, forsteikt í olíu og fryst. Við þessa vinnslu sé gengið lengra við vinnslu vörunnar en rúmist innan tnr. 2004.1001.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir gögn málsins og er sammála tollflokkun tollstjóra á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fram um innihald og vinnslu vörunnar. Á umsókn kæranda um bindandi álit til tollstjóra lýsir hann innihaldi og framleiðslu vörunnar. Þar segir um Rösti-Triangles: “Varan er flysjuð og soðin. Eftir það er varan kæld niður og grófmöluð í litla bita (hökkuð). Hökkuðu kartöflurnar eru síðan blandaðar við annað innihald svo sem krydd, vatn og kartöflumjöl. Úr þessu er síðan gert deig sem er formað og forsteikt í grænmetisolíu og síðan fryst og sett í endanlegar umbúðir”. Um Potatoe boats segir “Varan er framleidd úr deigi í hrærivél. Hlutfall af hökkuðum kartöflum er 50%. Deigið inniheldur einnig vatn og krydd. Þegar deigið er tilbúið er því hellt í þar til gerð form og formað eins og endanleg vara. Síðan er deigið bakað í sjálfvirkum beltaofni. Eftir að varan hefur kólnað er bakaða varan tekin úr forminu og síðan hraðfryst í 18 gráður. Vörunni er síðan pakkað í endanlegar söluumbúðir”. Í texta vöruliðar 2004.2001 segir: “Kartöflur: - Fín - eða grófmalaðar eða flögur.” Ljóst er að vara sú sem hér er til umfjöllunar er meira unnin en tilvitnað tollskrárnúmer lýsir. Búið er að móta og steikja vöruna. Kröfu kæranda er því hafnað.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er tollflokkun vöru sem birt var í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 2007064 og 2007065, bæði dagsett 10. apríl 2007, staðfest.